

Samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í apríl 2007

1. Hamrar og Víkurskóli samstarfsverkefni 2006 og 2007

Markmið verkefnisins er einstaklingsmiðuð skólabyrjun með áherslu á kennslu 5 ára barna með það fyrir augum að lestrarkennsla verði markvissar. Lögð er aukin áhersla á málörvun og að bæta lesskilning þannig að ritun hefjist fyrr og haldist í hendur við lestrarkennsluna. Einnig er markvisst unnið með að þjálfa tölur og talnaskilning og að kennsla í gegnum leik verði hluti af námi 5 og 6 ára barna.

2. Klambrar, Stakkaborg, Nóa borg og Háteigsskóli samstarfsverkefni 2007

Markmið verkefnisins er að efla samskipti á milli leik- og grunnskóla og stuðla þannig að auknum skilningi og samræmingu milli þessara skólastiga. Leitað er svara við því hvort hægt sé að auka skilning og samræmingu milli leik- og grunnskóla með því að skipuleggja samvinnuverkefni nemenda og kennara. Einnig verður leitast við að svara því hvort hægt sé að miðla upplýsingum um nemendur og skólastarf með því að nota þeirra eigin vinnu sem upplýsingaveitu.

3. Hulduheimar og Borgarskóli: *Fram, fram fylking* samstarfsverkefni 2006

Markmiðið er að auka tengsl og samvinnu leik- og grunnskóla. Stuðlað verði að hnökralausri færslu milli skólastiganna og leitast við að draga úr spennu og kvíða sem getur fylgt skólabyrjun hjá nemendum. Leikskólabörn fá tækifæri til að kynna aðstæðum og skipulagi í grunnskólanum fyrir skólabyrjun og nemendur í 1. bekk tengist með markvissum hætti starfi leikskólans og styrki tengsl og vináttu enn frekar. Leikskóla- og grunnskólakennarar kynnast starfi hvers annars og samnýti aðstöðu beggja skóla.

Mat á verkefninu: Gerð var skipuleg dagskrá fyrir veturinn 2005-2006 sem tókst að fara eftir í hvívetna. Að auki var bætt við sameiginlegum íþróttadegi sem tókst svo vel að ákveðið var að hann yrði árlegur viðburður. Verkefnið er enn í þróun og til að mynda var bætt við sameiginlegri gönguferð skólanna á næsta skólaári sem mun örugglega að vekja lukku.

Mikil ánægja hefur verið meðal barnanna í Borgaskóla með þessi samskipti og er það mat kennaranna að börnin muni taka mjög vel á móti nýjum nemendum í Borgarskóla næsta haust. Gott samstarf hefur verið á milli skólanna í vetur. Allir starfsmenn og stjórnendur hafa verið jákvæðir í garð verkefnisins og tekið virkan þátt í að vinna það sem best.

4. Rofaborg, Árborg og Árbæjarskóli: *Að vera öllum hnútum kunnugur,* samstarfsverkefni 2006

Markmiðið er að skapa samfellu í námi barna á báðum skólastigum og að börnin kynnast umhverfi grunnskólans áður en þau hefja þar nám. Ætlunin er að vinna möppu sem fer með barninu frá leikskóla til grunnskóla. Hún á að gera skil barna milli leik- og grunnskóla markvissari og að sambærilegar upplýsingar um hvert barn berist á milli skólastiga. Verkefnið er í gangi en þetta er tveggja ára verkefni.

5. Leik- og grunnskólar í Seljahverfi: *Sameiginleg sýn tveggja skólastiga (1999)*

Markmið er að finna farveg fyrir upplýsingastreymi skólastiganna tveggja og fá sameiginlega sýn og mat á þroska og færni barna á mótum leik- og grunnskóla. Niðurstöður verkefnisins sýndu að heimsóknum leikskólabarna í grunnskóla fjölgaði úr tveimur í þrjár. Útbúið var heftið *Gengið yfir brúna* og unnið með það í samráði við foreldra leikskólabarna.

6. Samstarf Hamraskóla og Klettaborgar

Samstarf við Hamraskóla stendur yfir allan veturinn. Það er skipulagt af kennurum yngstu barnanna í grunnskólanum og elstu barnanna í leikskólanum. Markamiðið er m.a. að auðvelda þeim að hefja nám í grunnskólanum og efla sjálfstraust þeirra áður er þau skipta um skólastig.

Samstarfið byggist á gagnkvæmum heimsóknum. Það hefst með heimsóknum milli skólanna að hausti. Í desember er skipst á jólakortum. Í janúar og febrúar eru aftur heimsóknir milli skólanna og í apríl er leikjadagur í grunnskólanum sem elstu börn leikskólans taka þátt í. Þá kemur skólastjóri grunnskólans á foreldrafund elstu barnanna í leikskólanum, þar er verkefni barnanna kynnt og rætt um breytinguna sem verður þegar börnin fara úr leikskóla í grunnskóla.

Benda má á að flestir leikskólar í Reykjavík eru með einhverskonar samstarf við grunnskóla í sínu nánasta umhverfi og felst það m.a. í heimsóknum í grunnskóla og afnot af leiktækjum og íþróttasal.